

Gunnar Kristinn Ottósson

From: Ásbjörn Blöndal <asbjorn@hsorka.is>
Sent: miðvikudagur, 6. janúar 2021 09:52
To: Gunnar Kristinn Ottósson; stefang@vso.is
Cc: Axel Viðarsson; gusti
Subject: Endurskoðun aðalskipulags - svæði við strönd
Attachments: Strandsækin starfsemi Reykjanes svæði.png

Sælir og gleðilegt ár allir!

Varðandi endurskoðun aðalskipulags þá höfum við áður nefnt aukinn áhuga á svæðum í nálægð virkjunar og sem næst sjó. Við getum kallað þetta athafnasvæði fyrir strandsækna starfsemi, svo sem fiskeldi og annan iðnað sem vill nýta strauma frá virkjun og sjó. Þessi skilyrði sóttist STOLT Seafood eftir þegar fyrirtækið byggði eldisfyrirtæki sitt á lóð nálægt strönd, rétt við útrásarlögn Reykjanesvirkjunar. Nánar tiltekið hefur orðið vart við áhuga á svæðum sem merkt eru L1 og L3 á myndinni sem fylgir, annars vegar svæði SV af lóð STOLT og hins vegar lóð NA af sjóvinnslusvæði okkar. Á báðum þeirra er farið inn á eignarland í einkaeigu.

Við eigum í góðu samstærri við landeigendur Kalmanstjarnar og Junkaragerðis og hef ég Ágúst Vífilsson, einn úr þeirra hópi, með í cc. Getur Ágúst þá gert nánari grein fyrir þeirra áherslum er varðar landnýtingu á svæðinu.

Þá vil ég einnig nefna annað mál sem gæti snert aðalskipulagsgerðina en það er aukinn áhugi á innviðauppbýggingu á svæðinu og þá sérstaklega á syðri hluta þess við Reykjanesvita, Valahnúk og nágrenni. Er þá bæði verið að skoða og meta lagnir fyrir vatn og rafmagn. Við höfum haft spurnir af hugmyndum um nýtt vegstæði á þessu svæði og viljum gjarnan vita hvort þarna megi gera ráð fyrir breytingum á vegtengingum, þar sem gert var ráð fyrir því að ef veitukerfi yrðu lögð að svæðum syðst, þá væri það best gert með því að fylgja vegi og lágmarka þannig rask á yfirborði.

Kær kveðja | Best regards

Ásbjörn Blöndal

Framkvæmdastjóri þróunarviðs | VP Project development
Sími - Direct Call: +354 520 9305 | Farsími - Mobile: +354 855 9305
Netfang - E-mail: ab@hsorka.is
HS Orka | Svartsengi | 240 Grindavík | hsorka.is | [facebook](https://www.facebook.com/hsorka)



[Skilmálar / Disclaimer](#)

